

Mánudaginn 28. sept. 1930.

Nr. 16/1930. **Jón Ólafsson** (Sjálfur)

gegn

Péttri M. Bjarnarson

(Garðar Þorsteinsson).

Krafa um endurgreiðslu á fjárframlögum til fyrirhugaðs kvikmyndafélagsskapar eigi tekin til greina.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. nóvbr. 1929: Stefnður, Pétur M. Bjarnarson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Jóns Ólafssonar í þessu máli. Stefnandi greiði stefndum málskostnað með 100 krónum innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Fyrir hæstarétti hefir áfrýjandi gert þær réttarkröfur í máli þessu, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt og hrundið á þá leið, aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér kr. 3500,00 með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi 4. sept. 1928 til greiðsludags, en til vara, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér helming þess, sem að réttarins áliti mætti teljast sannað, að stefndi hefði innheimt hjá Péttri heitnum Brynjólfssyni upp í framlög þau, sem gerð voru með samningum frá 23. júlí og 20. september 1918 til fyrirhugaðs kvikmyndafélagsskapar. Auk þess hefir hann krafizt málskostnaðar fyrir undirrétti og hæstarétti eftir mati réttarins. Stefnandi hefir krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og sér tildæmdur hæfilegur málskostnaður í hæstarétti.

Fyrir aðalkröfu sinni hefir áfrýjandi gert þá grein í sáttakærunni og stefnunni í málinu, að hún sé krafa

um endurgreiðslu á $\frac{1}{4}$ af framlögunum til félagsskapar þess, er til var stofnað með samningi stefnda og Péturs Brynjólfssonar 23. júlí 1918, en Jón Heiðberg hafði gerzt þátttakandi í þeim félagsskap með samningi sínum við stefnda 20. september 1918. Þessi krafa áfrýjanda hlyti að byggjast á því, að honum væri rétt að rifta nefndum kaupgerningi þeirra stefndu og Jóns Heiðberg frá 20. september 1918. Því til styrktar hefir áfrýjandi haldið því fram, að stefndi hafi blekkst Jón Heiðberg með því að leyna hann ranglega, er kaupin voru gerð þýðingarmiklum atriðum, er vörðuðu félagsskapinn, en eigi hefir áfrýjandi þó getað fært fram nægar sannanir fyrir þessari staðhæfingu sinni og verður þess vegna, þegar af þeirri ástæðu, að sýkna stefnda af þessari kröfu áfrýjanda.

Í varakröfu áfrýjanda felst það, að stefndur standi honum skil á hans hluta af fé, er stefndur hafi tekið við, vegna félagsskaparins, og koma hafi átt til skipta milli þeirra, stefnda og Jóns Heiðbergs, sem sameigenda í félagsskapnum. Þessa kröfu, sem áfrýjandi einnig hreyfði í málfærzlu sinni í héraði, hefir hann eigi gert í sáttakærunni, og brestur sönnun fyrir því, að hún hafi verið lögð til sátta. Verður því ex officio að vísa þessari varakröfu hans frá bæjarþinginu.

Málskostnaður fyrir bæjarþinginu þykir rétt að falli niður, en málskostnað í hæstarétti greiði áfrýjandi stefnda með 150,00 krónum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Pétur M. Bjarnarson, á að vera sýkn af aðalkröfu áfrýjanda, Jóns Ólafssonar, í máli þessu.

Varakröfu áfrýjanda visast ex officio frá bæjarþinginu.

Málskostnaður fyrir bæjarþinginu falli niður, en málskostnað í hæstarétti greiði áfrýjandi stefnda með 150 kr. að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir höfðað cand. juris Jón Ólafsson, gegn kaupmanni Péttri M. Bjarnarson, Vesturgötu 17, til greiðslu 3500 kr. auk 6% ársvaxta frá 23. júlí 1918 til 1. jan. 1919 og með 6% ársvöxtum af þeirri upphæð frá 1. jan. 1919 til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt málflutningsmannataxta. Stefnur hefir krafizt algerðrar sýknu og sér dæmdan málskostnað.

Málavextir eru þessir: Hinn 23. júlí 1918 gerðu stefndur og Pétur Brynjólfsson hirðljósmyndari með sér félagsskap um rekstur kvikmyndasýningar í Reykjavík, var með þeim helmingafélag um stofnkostnað og væntanlegan rekstur. Í félagsskapinn hafði stefndur lagt 2000 kr. til ferðakostnaðar handa Péttri Brynjólfssyni til Danmerkur, til þess að kaupa tæki til sýninganna og lagði stefndur fram ennfreður 5000 kr. í því skyni. Með samningi 20. sept. s. á. afsalaði stefndur helmingi síns hluta eða „ $\frac{1}{4}$ “ part af hinu fyrirhugaða kvikmyndahúsi eða kvikmyndafélagsskap“ samkvæmt samningnum frá 23. júlí, til Jóns Heiðdal fyrir 3500 kr. auk 2500 kr. þóknunar fyrir að láta af hendi við Heiðdal þenna $\frac{1}{4}$ hluta fyrirtækisins. Og fékk stefndur þessa upphæð að fullu greidda. Af kvikmyndarekstrinum varð ekki, en Jón Heiðdal varð gjaldþrota og féll þá samningur hans við stefndan til þrotabúsins, en skiptaráðandi búsins framseldi samninginn Vilhj. kaupm. Þorvaldssyni og komst þá Jón Heiðdal, sem þá og síðan kallast Jón Heiðberg aftur yfir samninginn og framseldi hann stefnanda til eignar. Stefnur hefir borið bríggður á, að Heiðberg hafi með löglegum hætti komizt yfir samninginn og hefir itrekað neitað heimild hans að honum, en hefir þó

undir rekstri málsins á einum stað játað það, að Heiðberg sökum viðskipta hans við Vilhj. Þorvaldsson muni hafa haft löglegar heimildir til samningsins. Og þykir réttinum stefndur ekki síðar geta gengið frá þeirri viðurkenningu, enda hefir hann ekki fært sérstakar líkur fyrir heimildarskorti Heiðbergs.

Samkvæmt samningnum 23. júlí 1918, sem vísað er til í samningnum frá 20. sept. s. á., var stefndur aðalstjórnandi og framkvæmdarstjóri félagsskaparins og hafði einn umráð yfir fjárhirzlu hans og hafði á hendi alla stjórn hans og hafði leyfi til að banna Péttri Brynjólfssyni, sem átti að hafa hina teknisku stjórn samninganna með höndum, aðgang að þeim, ef hann þótti vanrækja störf sín. Samningurinn frá 20. sept. kvað svo á, að samningurinn frá 23. júlí skyldi standa óhaggaður þrátt fyrir afhendingu nefnds $\frac{1}{4}$ hluta til Heiðdals.

Stefnandi hefir haldið því fram, að umstefndar 3500 kr. hafi verið fengnar stefndum til varðveislu aðeins og eigi hann að skila þeim aftur þegar ekkert varð úr kvikmyndarekstrinum. Á þessa skoðun verður ekki fallt. Fyrst og fremst sýnir aukapóknun sú, sem stefndur fékk hjá Heiðdal fyrir að láta hann verða aðnjótandi þessa $\frac{1}{4}$ hluta, að hér var um sölu að ræða, þ. e. a. s. Heiðdal greiddi stefndum þessa 6000 króna fúlgu til þess að verða fjórðungshafi allra fjárréttinda í félagsskapnum og réttur aðili þeirra kosta, sem við þann fjárhlut voru bundnir. Af þessu leiðir, að krafa stefnanda á hendur stefndum verður að byggjast á því, að stefndur hafi komið yfir eignir tilheyrandi félagsskapnum og eigi að standa skil á þeim, sem svarar til hluttöku Jóns Heiðdals í félagsskapnum, því að stefnandi hefir ekki tekizt að færa sönnur á þá málsástæðu sína, að stefndur hafi með sviksamlegu atferli vélað Heiðdal inn á samninginn frá 20. sept. 1918, þótt stefnandi hafi leitt líkur að því, að litlar horfur væru til þess, að kvikmyndareksturinn tækist um sinn, þegar téður samningur var gerður.

Stefnandi hefir reynt að sanna það, að Pétur Brynjólfsson í utanför sinni vegna kvikmyndarekstursins, hafi keypt ýms tæki fyrir áður nefndar 5000 kr. og að þessi tæki hafi komið í hendur stefndum og hann gert sér fé úr þeim. Gegn eindreginni neitun stefnds, sem haldið hefir

því fram, að Pétur Brynjólfsson hafi sóað öllu þessu fé í sukk og svall erlendis, hefir stefnanda ekki tekizt að sanna það, að þessi tæki hafi verið keypt eða að stefndur hafi haft nokkurt fé upp úr þeim. Að visu er það upplýst, að stefndur samkvæmt dómi í víxilmáli tók fjárnámi eignir tilheyrandi Pétri Brynjólfssyni árið 1920 og gerði sér fé úr, en gegn neitun stefnds er það ósannað, að víxilskuld þessi hafi staðið í nokkru sambandi við félagsskapinn.

Samkvæmt samningnum frá 23. júlí 1918 setti Pétur Brynjólfsson stefndum að veði stækkunarljósmyndavél fyrir 2000 króna framlagi stefnds til ferðakostnaðar síns til Danmerkur í þarfir félagsskaparins og skyldi sú trygging leyst, ef ekki yrði úr félagsskapnum. Krefst nú stefnandi til vara, að verða aðnjótandi helmings þessarar tryggingar, þ. e. 1000 króna. En þar sem stefnandi hefir ekki sannað það gegn neitun stefnds, að hann hafi gengið úr þessari tryggingu, getur þegar af þessari ástæðu varakrafan ekki orðið tekin til greina.

Það þykir því eiga að sýkna stefndan af öllum kröfum stefnanda, er greiði stefnum málskostnað, er þykir hæfilega metinn 100 kr.

Miðvikudaginn 30. sept. 1931.

Nr. 28/1931. **Réttvísín** (Lárus Jóhannesson)

gegn

Kristni Ólafssyni (Theódór B. Lindal).

Brot gegn 204. og 205 gr., sbr. 46. gr. hegningarlaganna.

Dómur aukaréttar Ísafjarðar 20. jan. 1931: Ákærður, Kristinn Ólafsson, á að vera sýkn af ákæru réttvísinnar í málinu.

Málskostnaður greiðist af almannafé, þar með talin málsvarnarlaun hins skipaða talsmanns ákærðs, cand. jur. Óskars Borg, 35 krónur.